

Yfirlit frjómælinga á Akureyri sumarið 2022

Á Akureyri hófust frjómælingar 16. mars og stóðu til 30. september, samtals í 199 daga. Mælingar gengu vel allt tímabilið.

Frjókorn mældust frá 26 frjó- og gróhópum (1. tafla). Heildarfjöldi frjókorna var 3.838 frjó/m³ sem er aðeins meira en mælt hefur að meðaltali á Akureyri (2. tafla). Af þeim voru 1.216 grasfrjó (32%), 1.563 birkifrjó (41%), 182 asparfrjó (5%) og 37 súrufrjó (1%). Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 766 (20%). Þar af voru furu/grenifrjó 384 (10%). Algengast var að hver hópur væri um eða undir 1%.

Fyrsta elrifrjókornið kom í gildruna 16. mars og voru þau algengust í mánuðinum, alls 5 frjó/m³. Í apríl voru lyng- og víðifrjó algengust.

Asparfrjó mældust nánast alla daga frá 25. apríl til 25. maí, flest þann 10. maí, 30 frjó/m³.

1. tafla. Frjó- og grógerðir á Akureyri sumarið 2022, raðað eftir fjölda.


Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Frjó/m ³
Birki	<i>Betula</i>	1563
Gras	Poaceae	1216
Fura/Greni	Pinaceae	384
Ösp	<i>Populus</i>	182
Víðir	<i>Salix</i>	92
Rósaætt	Rosaceae	66
Stör	<i>Carex</i>	55
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	37
Lyng	Ericales	34
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	31
Yllir	<i>Sambucus</i>	25
Elfting	<i>Equisetum</i>	23
Netla	<i>Urtica</i>	17
Einir	<i>Juniperus</i>	12
Elri (ölur)	<i>Alnus</i>	8
Sóley	<i>Ranunculus</i>	5
Brjóstagras	<i>Thalictrum</i>	4
Fífill	Compositae Cichorideae	2
Lerki	<i>Larix</i>	2
Körfulóm	Asteraceae	1
Mosi	<i>Sphagnum</i>	1
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	1
Belgjurtir	Leguminosae	1
Maðra	<i>Galium</i>	1
Hæra	Juncaceae	1
Óþekkt/ógreind	incognito	74

Birkifrjó mældust langt yfir meðallagi og er þetta aðeins í annað skiptið, frá upphafi mælinga á Akureyri, sem þau mælast fleiri en grasfrjó. Heildarfjöldinn fór í 1563 frjó/m³ en meðaltal árunna 1998–2021 er 678 frjó/m³. Þau mældust nær samfelld í lofti frá 17. maí til 20. júní. Hámark birkifrjóa var 30. maí (363 frjó/m³).

Grasfrjó mældust undir meðallagi í ár. Heildarfjöldi var 1.216 frjó/m³ en meðaltal árunna 1998–2020 er 1.860 frjó/m³. Fyrsta grasfrjóíð mældist 17. maí en frá 12. júní voru þau nær sleitulaust í lofti til 27. september. Ágúst var aðalfrjótími grasa en þá mældist 881 frjó/m³. Í júní mældust 54 frjó/m³, 209 frjó/m³ í júlí og 70 frjó/m³ í september. Laugardaginn 6. ágúst voru flest grasfrjókorn í lofti eða 128 frjó/m³. Frjótalan fór þrisvar sinnum yfir 100 og að auki sex sinnum yfir 50.

Súrufrjó mældust fyrst 5. júní og var heildartala þeirra 37 frjó/m³. Frjótalan fór hæst í 4 frjó/m³ þann 27. júlí. Meðaltal súrufrjóa fyrir árin 1998–2021 er 66 frjó/m³.





1. mynd. Heildarfrjómagng og skipting í helstu frjógerðir á Akureyri 1998–2022.

Sumarið 2022 á Akureyri var aðeins yfir meðallagi hvað heildarfrjómagng varðar. Í mars, maí og júní mældust frjókorn vel yfir meðaltali en undir meðaltali hina mánuðina. Frjórikasti mánuður sumarsins var maí með 1.367 frjó/m³ lofts en apríl reyndist sá rýrasti, fyrir utan mars, með 36 frjó/m³ (2.tafla).

2. tafla. Fjöldi frjókorna á Akureyri sumarið 2022 og meðaltal áranna 1998–2021.

Mánuður	2022	Meðaltal
Mars	10	6
Apríl	36	62
Maí	1367	499
Júní	1078	721
Júlí	328	942
Ágúst	942	976
September	77	170
Samtals	3.838	3.371

Hæsta samanlögð frjó тала mældist 30. maí (376 frjó/m³) en þann dag voru birkifrjó í hámarki. Frjókorn voru í lofti alla daga frá 21. apríl til 22. september, utan sex. Þau mældust tvisvar yfir 300 frjó/m³, átta sinnum yfir 100 frjó/m³ og tíu sinnum yfir 50 frjó/m³. Að meðaltali voru 19 frjókorn í hverjum rúmmetra andrúmslofts á Akureyri og er það aðeins minna en í meðalári (20 frjó/m³).

Samkvæmt yfirliti Veðurstofu Íslands var maímánuður hægviðrasamur og hlýr inn til landsins á Norðausturlandi. Í júní til september var meðalhiti sumarsins á Akureyri við meðallag og fremur þurr. Það var samt óvenjukalt á landinu 23. – 27. júní, sérstaklega á norðurhluta landsins og einnig var júlí fremur kaldur og blautur. Líklega hefur það haft áhrif á frjómagngið í júlímánuði.

Í október 2022
Ellý Guðjohnsen

